

Lífeyrissjóður bænda

Ársreikningur 2002

Lífeyrissjóður bænda
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík

kt. 670172-0589

Lífeyrissjóður bænda

Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda.....	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til gr. lífeyris.	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar	8-17
Leiðréttingar	18

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lífeyrissjóðs bænda á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. mars 2003

Deloitte & Touche hf.

Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi

Gísli Guðmundsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

LÖG OG SAMÞYKKTIR

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breyting var gerð á 2. og 6. gr. laga um sjóðinn með lögum nr. 140/2002 og tóku þau gildi í ársbyrjun 2003. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins.

FJÖLDI SJÓÐFÉLAGA OG IÐGJALDATEKJUR

Á tekjuárinu 2002 greiddu 4.283 sjóðfélagar samtals 130,3 mkr. iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda. Innkomin iðgjöld á reikningsárinu námu hins vegar 136,3 mkr. Mótframlög námu samtals 228,9 mkr. og réttindaflutningar námu nettó 4 mkr. Heildariðgjaldtekjur námu því 369,2 mkr., sem er um 3% hækkun frá fyrra ári.

IÐGJÖLD, IÐGJALDSSTOFN OG INNHEIMTA

Iðgjöld sjóðfélaga nema 4% af launum. Iðgjaldsstofn bænda er reiknuð laun í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttáð. Iðgjöldum þeirra bænda sem reikna sér laun og njóta beingreiðslna er haldið eftir af beingreiðslunum mánaðarlega en iðgjöld annarra bænda eru innheimt með greiðsluseðlum. Bændur sem reikna sér ekki laun greiða iðgjöld sín beint til sjóðsins.

MÓTFRAMLAG BÆNDA

Lög um sjóðinn kveða á um að mótframlag á móti iðgjöldum bænda skuli greitt af sjóðfélögum nema samið sé um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Ríkissjóður hefur greitt mótframlag til sjóðsins vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu. Mótframlag ríkissjóðs var nægilega hátt til þess að iðgjöld vegna annarra búgreina væru einnig bókuð til fullra réttinda hjá sjóðnum án þess að sérstakt mótframlag bærisk frá bændum. Mótframlag á fjárlögum ársins 2003 er ívið hærra og verður mótframlag ekki innheimt á móti iðgjöldum bænda á þessu ári. Þó er vert að hafa í huga að til þess gæti komið í framtíðinni að mótframlag ríkissjóðs yrði ekki nægilega hátt, þannig að innheimta þyrfti mótframlög af þeim bændum sem stunda aðrar búgreinar.

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 631,5 mkr. til 3.861 lífeyrisþega, sem er um 6,6% hækkun greiðslna frá árinu 2001. Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig á árinu: Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda í sjóðnum, nam 558,8 mkr., þar af ellilífeyrir 397,9 mkr., makalífeyrir 50,7 mkr., örorkulífeyrir 98,4 mkr. og barnalífeyrir 11,9 mkr. Lífeyrir greiddur af ríkissjóði, þ.e. lífeyrir til bænda fæddra 1914 og fyrr og maka þeirra nam samtals 72,7 mkr.

HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS, RAUNÁVÖXTUN OG STADA

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam í árslok 2002 um 11.388 mkr. og lækkaði um 4,8% frá fyrra ári. Nafnávöxtun var neikvæð um 3,22% og hrein raunávöxtun neikvæð um 5,12%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára nemur 1,52%. Endurmetnar eignir eru 8,1% lægri en áfallnar skuldbindingar og 12,9% lægri en heildarskuldbindingar.

VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Verðbréfa kaup sjóðsins á árinu 2002 námu alls 8.427,3 mkr. Þar af námu kaup á markaðsverðbréfum (aðallega markaðsbréfum Lánasjóðs landbúnaðarins) 872,5 mkr., keyptar hlutdeildir í innlendum verðbréfasjóðum 4.151 mkr., erlendum verðbréfasjóðum 2.955,9 mkr. og kaup í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum 324,6 mkr. Lán til sjóðfélaga námu 123,3 mkr. Sala og innlausn verðbréfa nam alls 7.332,7 mkr. Þar af námu seld og innleyst markaðsverðbréf 131,3 mkr., seldar hlutdeildir í innlendum verðbréfasjóðum 3.766 mkr., erlendum verðbréfasjóðum 1.998,6 mkr. og seld hlutabréf og hlutdeildir í hlutabréfasjóðum 767,9 mkr. Ennfremur var skipt út eldri óskráðum skuldabréfum Lánasjóðs landbúnaðarins að verðmæti 668,9 mkr.

Skýrsla stjórnar

SAMNINGAR UM FJÁRVÖRSLU

Um mitt ár 2002 var sagt upp fjárvörslusamningi við Kaupþing hf og kom uppsögnin til framkvæmda í árslok. Í lok október var gerður samningur við Búnaðarbanka Íslands hf. um fjárvörslu og ávöxtun á þeim hluta eignasafns lífeyrissjóðsins sem var í vörslu Kaupþings hf. eða tæplega fjórðungi eignarinnar og gildir hann frá 1. janúar 2003.

STARFSEMI OG UPPLÝSINGASTARF

Hjá sjóðnum störfuðu á árinu að meðaltali 3,8 starfsmenn í fullu starfi. Heildarfjárhæð launa og þóknana nam kr. 16.725.489. Sjóðurinn sendi greiðandi sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld til sjóðsins í apríl og nóvember. Að lokinni undirskrift ársreiknings er birt auglýsing í Bændablaðinu um helstu niðurstöður reikningsins og tryggingafræðilegar úttektar. Í Handbók bænda eru á hverju ári birtar ítarlegar greinar um sjóðinn auk fjölda ábendinga til sjóðfélaga. Lífeyrissjóður bænda er ásamt sex aðilum í landbúnaði, þar á meðal Bændasamtökum Íslands, þátttakandi í sameiginlegri vefsíðu íslensks landbúnaðar: "www.landbunadur.is". Heimasíða lífeyrissjóðsins er "www.lsb.is". Þar má nálgast allar almennar upplýsingar um sjóðinn auk efnis sem sjóðurinn hefur birt í Bændablaðinu og Handbók bænda. Þar er einnig að finna öll nauðsynleg umsóknareyðublöð svo sem um lán og lífeyri svo og iðgjaldaskilagreinar. Almennt netfang sjóðsins er "lsb@lsb.is".

Ársfundur sjóðsins 2002 var haldinn 11. júní 2002. Gert er ráð fyrir að ársfundur sjóðsins 2003 verði haldinn í Bændahöllinni þann 10. júní 2003.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda staðfestir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2003.

Í stjórn

Lífeyrissjóðs bænda

Guðríður Þorsteinsdóttir
formaður

Örn Bergsson

Loftur Þorsteinsson

Guðmundur Grétar Guðmundsson

Ólafur Páll Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Sigurbjörg Björnsdóttir

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2002

	Skýr.	2002	2001
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga	3	136.348.418	138.930.227
Mótframlög	3	228.882.692	214.532.168
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	4	3.992.869	4.932.997
		<u>369.223.979</u>	<u>358.395.392</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	5	631.495.162	592.610.406
Umsjónarnefnd eftirlauna	6	(72.654.922)	(78.308.175)
Annar beinn kostnaður vegna örorku		479.532	437.386
		<u>559.319.772</u>	<u>514.739.617</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		(11.240.353)	(48.667.749)
Vaxtatekjur og gengismunur	7/20	(324.925.335)	682.482.916
Breytingar á niðurfærslu eigna	8	(2.485.736)	(2.364.160)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	0	(969.986.007)
		<u>(338.651.424)</u>	<u>(338.535.000)</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		8.826.714	5.044.266
Vaxtagjöld		459.047	304.517
Önnur fjárfestingargjöld		10.539.160	2.322.364
		<u>19.824.921</u>	<u>7.671.147</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		20.842.421	21.264.674
Annar rekstrarkostnaður		2.897.643	3.963.362
		<u>23.740.064</u>	<u>25.228.036</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar		(572.312.202)	(527.778.408)
Matsbreytingar	2	<u>0</u>	<u>969.986.007</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		(572.312.202)	442.207.599
Hrein eign frá fyrra ári		<u>11.960.275.923</u>	<u>11.518.068.324</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>11.387.963.721</u></u>	<u><u>11.960.275.923</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Eignir			
Fjárfestingar	2/17-18		
Verðbréf með breytilegum tekjum	9-13	6.361.572.191	6.522.973.588
Verðbréf með föstum tekjum	14	3.389.586.133	2.995.554.746
Veðlán	15	698.971.801	611.661.308
Önnur útlán	16	826.847.988	1.688.346.048
Fjárfestingar		<u>11.276.978.113</u>	<u>11.818.535.690</u>
Kröfur			
Iðgjaldakröfur	19	40.343.602	77.623.339
Aðrar kröfur	20	16.849.524	7.645.594
Kröfur		<u>57.193.126</u>	<u>85.268.933</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		75.240.259	65.852.278
Aðrar eignir		<u>75.240.259</u>	<u>65.852.278</u>
Eignir		<u>11.409.411.498</u>	<u>11.969.656.901</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ýmsar skuldir		11.172.822	798.726
		<u>11.172.822</u>	<u>798.726</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur			
Áfallinn kostnaður.....		10.274.955	8.582.252
		<u>10.274.955</u>	<u>8.582.252</u>
Skuldir		<u>21.447.777</u>	<u>9.380.978</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	21	<u>11.387.963.721</u>	<u>11.960.275.923</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2002

	2002	2001
Inngreiðslur		
Iðgjöld	406.212.611	316.426.225
Fjárfestingartekjur	600.955.252	115.048.412
Aðrar tekjur	72.654.922	78.308.175
Afborganir verðbréfa	697.835.219	741.978.143
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	6.532.483.257	3.439.335.878
Seld verðbréf með föstum tekjum	800.257.086	123.348.390
Inngreiðslur	9.110.398.347	4.814.445.223
Útgreiðslur		
Lífeyrir	631.085.733	592.795.428
Fjárfestingargjöld	18.464.401	32.501.037
Rekstrarkostnaður án afskrifta	24.205.242	24.384.711
Útgreiðslur	673.755.376	649.681.176
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	8.436.642.971	4.164.764.047
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	7.431.484.947	3.765.529.251
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	872.490.043	333.395.521
Ný veðlán og útlán	123.280.000	118.208.000
Ráðstöfun alls	8.427.254.990	4.217.132.772
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	9.387.981	(52.368.725)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	65.852.278	118.221.003
Sjóður og veltiinnlán í lok árs	75.240.259	65.852.278

Skýringar

Starfsemi

1. Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda með síðari breytingum og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum. Lög um sjóðinn og samþykktir tóku gildi 1. júlí 1999. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Sjóðurinn rekur ekki séreignarsjóð en frá 1. janúar 1999 hefur verið í gildi samningur Lífeyrissjóðs bænda við Kaupþing hf. f.h. Lífeyrissjóðsins Einingar um sérkjör fyrir þá sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda sem kjósa að leggja séreignarsparnað sinn í þann sjóð.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum laganna.

Bændur:

Bændur eiga skylduaðild að lífeyrissjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um sjóðinn og skulu allir bændur og makar þeirra vera sjóðfélagar sbr. þó ákvæði um undanþágu sé makinn ekki aðili að búrekstrinum og eigi sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði. Bóndi í þessu sambandi er sá sem stundar búrekstur á lögbyli þar sem hann á lögheimili og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95 (Undanþegnir eru undirflokkar 01.4, 01.5 og 02.02.). Samkvæmt 3. mgr. sömu gr. er heimilt að veita þeim sem stunda búrekstur utan lögbyla og þeim sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum aðild að sjóðnum enda hafi hlutaðeigandi meiri hluta tekna sinna af búrekstri. Sjóðfélögum ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum (reiknuðum eða greiddum) til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. og skal á móti iðgjaldi sjóðfélaga greitt móttframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald. Móttframlag skal greitt af sjóðfélaga (bónda) sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Launþegar:

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. enda eigi þeir ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Hafi sjóðfélagi atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði er honum heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna. Iðgjöld skulu vera 10% af tekjum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga og 6% móttframlag vinnuveitanda. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. ber launþegum að greiða 4% af heildarlaunum sínum til sjóðsins og vinnuveitandi 6% framlag á móti eða samtals 10%.

Lífeyrisréttindi:

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri og barnalífeyri, ef við á, ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn, yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum skv. nánari reglum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda og er hún óháð aldri. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

2. Með reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 765/2002 voru gerðar breytingar á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Með breytingunum voru afnumin ákvæði reglna um ársreikninga sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ársreikningi þessum er því hvorki reiknuð verðbreytingafærsla né fastafjármunir endurmetnir. Samanburðartölum frá fyrra ári hefur ekki verið breytt.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári að öðru leyti en því, að lífeyrissjóðurinn hefur lagt af verðleiðréttingar í reikningsskilum sínum. Ársreikningurinn er því gerður eftir kostnaðarverðsaðferð en þó að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga til ársloka 2001.

Eignir

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og aðrar fjárfestingar. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum:

Framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar með taldir innlendir og erlendir verðbréfasjóðir, eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er miðað við verðmæti flokksins í heild en ekki einstakra bréfa.

Verðbréf með föstum tekjum:

Framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán:

Útlán til sjóðfélaga og önnur útlán sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagalán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Önnur veðlán eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Önnur útlán:

Meginhluti þessa flokks eru eldri lán til Lánasjóðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkisins svo og lán til Spalar hf. vegna fjármögnunar Hvalfjarðarganganna. Bréfin eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Skýringar

Iðgjöld

3. Iðgjöld sjóðfélaga / mótframlög:

Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum og mótframlög vinnuveitenda 6%. Bændur greiða 4% af reiknuðum launum í landbúnaði eða greiddum launum þar sem búrekstrarformi er þannig háttað. Greiðslu iðgjalds er haldið eftir af beingreiðslum bænda sem þeirra njóta en af öðrum bændum er iðgjald innheimt með greiðsluseðlum mánaðarlega. Nokkrir aðilar, þ.e. rekstraraðilar einkahlutafélaga, greiða iðgjöld sín beint til sjóðsins.

Iðgjöld eru endurgreidd til þeirra sem hafa náð 70 ára aldri, eru ekki sjóðfélagar skv. ákvæðum 1. mgr. 2. gr. laga nr. 12/1999 svo og til dánarbúa og greiðenda undir 16 ára aldri. Leiði eftirlit RSK með iðgjaldgreiðslum í lífeyrissjóði í ljós að bændur hafi ofgreitt iðgjöld til sjóðsins skulu þau endurgreidd, hafi þeir ekki nýtt þau réttindi sem af iðgjöldunum leiddu á neinn hátt né óskað eftir því að halda réttindunum. Ennfremur eru endurgreidd mótframlög launagreiðenda á móti þeim launþegaiðgjöldum sem endurgreidd eru og námu þau samtals 12 þús. kr. Heildarendurgreiðslur iðgjalda á ársinu námu um 3.730 þús. kr.

4. Réttindaflutningar og endurgreiðslur:

Réttindaflutningar til sjóðsins námu kr. 6.441.709 en frá sjóðnum kr. 2.448.840.

Lífeyrir

5. Lífeyrir greinist þannig:

	Eftirlaun skv. áunnum réttindum	Eftirlaun skv. III kafla laga um sjóðinn	Samtals 2002	Samtals 2001
Ellilífeyrir	397.866.426	20.354.250	418.220.676	387.757.341
Makalífeyrir	50.736.493	52.300.672	103.037.165	100.871.588
Örorkulífeyrir.....	98.362.400	0	98.362.400	92.222.226
Barnalífeyrir	11.874.921	0	11.874.921	11.759.251
Lífeyrir alls.....	<u>558.840.240</u>	<u>72.654.922</u>	<u>631.495.162</u>	<u>592.610.406</u>

6. Lífeyrisframlag ríkissjóðs:

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda skal ríkissjóður greiða lífeyri þeirra bænda, sem taka lífeyri skv. III. kafla sömu laga.

Fjárfestingartekjur

7. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2002	2001
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	8.884.527	6.441.945
Gengismunur af erlendum gjaldeyrisreikningum.....	(5.573.750)	6.561.070
Dráttarvextir af iðgjöldum.....	1.580.517	1.889.455
Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfum.....	(329.816.628)	667.590.446
	<u>(324.925.334)</u>	<u>682.482.916</u>

Skýringar

8. Afskriftir / niðurfærslur verðbréfa:

Veðlán eru færð niður með hliðsjón af almennri útlánaáættu sem tengist starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar greinist þannig:

	2002	2001
Niðurfært í ársbyrjun.....	10.127.784	7.763.624
Niðurfært á árinu.....	2.485.736	2.364.160
	<u>12.613.520</u>	<u>10.127.784</u>

Fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum

9. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	44.482.986
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum	54.515.831
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	4.303.339.517
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	1.959.233.857
	<u>6.361.572.191</u>

10. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Markaðsverð
Skráð félög í Kauphöll Íslands :			
Íslenska járnblendifélagið hf.....	0,08%	1.495.000	1.644.500
Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf.....	0,33%	1.640.000	2.246.800
Opin kerfi hf.....	0,03%	8.000	160.000
Samherji hf.....	0,02%	24.500	245.000
Skráðir hlutabréfasjóðir í Kauphöll Íslands:			
Afl fjárfestingarfélag			7.000.000
			<u>11.296.300</u>

	Hlutdeild	Nafnverð	Markaðsverð
Óskráð innlend hlutabréf:			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	2,57%	128.480	128.480
Einar J. Skúlason hf.	0,25%	979.910	2.939.730
Kaupás hf.	0,21%	1.500.000	7.275.000
Samskip hf.	0,11%	982.381	2.809.609
Skinnaiðnaður hf.	1,25%	886.667	8.867
Vélaver hf.	9,78%	7.500.000	20.025.000
			<u>33.186.686</u>

Eignarhlutar í innlendum félögum alls	<u>44.482.986</u>
---	-------------------

Skýringar

11. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Markaðsverð
Erlend félög skráð á markaði:		
Uppspretta Icelandic Capital Venture SA.....	Óveruleg	18.325.000
SPDR Trust Series 1.....	"	12.100.494
Decode Genetics A	"	93.171
		<u>30.518.665</u>
Óskráð erlend félög:		
Health Holding SA.....	Óveruleg	23.997.166
		<u>23.997.166</u>
Eignarhlutar í erlendum félögum alls		<u>54.515.831</u>
Hlutabréfaeign alls		<u>98.998.817</u>

12. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:		
Sjóðir með hlutabréfum		937.319.638
Sjóðir með skuldabréfum		3.366.019.879
		<u>4.303.339.517</u>
Erlendir verðbréfasjóðir:		
Sjóðir með hlutabréfum		1.959.233.857
		<u>1.959.233.857</u>
Hlutdeildarskírteini alls		<u>6.262.573.374</u>

13. Hlutdeildarskírteini sundurliðast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með innlendum hlutabréfum:		
Íslandsbanki, Sjóður 6		277.261.429
Íslandsbanki, Sjóður 10		93.940.175
Frjálsi, Íslensk hlutabréf		127.504.686
Kaupþing, Einingabréf 9		126.431.872
Landsbankinn, Úrvalsbréf		202.529.733
		<u>827.667.895</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum erlendra félaga:		
ÍSB Fjármál		27.625.792
ÍSB Heilsuvernd		30.584.682
ÍSB Lífstíll		28.178.856
ÍSB Tækni		23.262.413
		<u>109.651.743</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum alls.....		<u>937.319.638</u>

Skýringar

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

Íslandsbanki, Sjóður 1 - blandaður skuldabréfasjóður	974.515.870
Íslandsbanki, Sjóður 7 - íslensk ríkisverðbréf	1.374.254.685
Íslandsbanki, Sjóður 9 - blandaður skuldabréfasjóður	3.029.502
Íslandsbanki, Sjóður 11 - blandaður skuldabréfasjóður	631.912.975
Kaupþing, Einingabréf 2 - íslensk ríkisverðbréf	13.492.527
Frjálsi, Húsbréfadeild	5.751.710
Frjálsi, Íslensk skuldabréf- langtíma.....	30.199.084
Kaupþing, Einingabréf 8 - íslensk ríkisverðbréf	26.314.764
Landsbankinn, Markaðsbréf 1.....	23.900.893
Landsbankinn, Markaðsbréf 2	19.169.117
Landsbankinn, Markaðsbréf 3	101.659.975
Landsbankinn, Markaðsbréf 4.....	107.288.905
Landsbankinn, Peningabréf	39.307.765
Fyrirtækjabréf Landsbankans	15.222.107
	<u>3.366.019.879</u>
Innlendir verðbréfasjóðir alls	<u>4.303.339.517</u>

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

Skráðir sjóðir í EUR:	Gjaldmiðill	
LUX Global Value	EUR	96.482.482
LUX Global Growth	EUR	94.511.624
Fidelity Funds International	EUR	84.648.371
Fidelity Industrials	EUR	2.060.305
Fortuna European Hedge Fund	EUR	139.050.200
Landsbanki Global Equity Fund	EUR	160.003.555
		<u>576.756.537</u>

Skráðir sjóðir í USD:

Scudder - Sérgreint eignarsafn	USD	31.146.383
Scudder Stratetic Global Themes Fund	USD	127.385.858
Vanguard US500 Stock Inex Fund	USD	266.440.392
Vanguard European Stock Index Fund	USD	102.221.267
Vanguard Global Stock Index Fund	USD	282.370.511
ISB Global Equity	USD	62.905.303
Lífis Asía	USD	12.046.764
Lífis International Equity	USD	62.329.522
Ishares S&P Smallcap 600	USD	4.146.131
Ishares DJ US Healthcare SEC	USD	1.951.363
Lífis New Opportunities	USD	7.345.773
Fidelity Funds - European Growth Fund	USD	20.643.014
Fidelity American GTH	USD	12.509.116
ACM Global Growth Trends Portfolio	USD	38.064.092
ACM International Health Care	USD	22.894.207
ACM European Value Portfolio	USD	14.275.393
ACM American Value Portfolio	USD	18.179.420
ACM Global Value Portfolio	USD	61.894.178
Mercury US Equity	USD	31.617.025
Mercury ST Emerging Markets	USD	3.288.839
HSBC Pan European	USD	47.708.468
		<u>1.231.363.019</u>

Skýringar

Vogunarsjóðir:

Artemis Holding ISK Class	USD	15.557.655
		<u>15.557.655</u>

Lokaðir erlendir hlutabréfasjóðir:

Alpha I Venture Capital Fund	EUR	40.256.546
GIR	USD	95.300.100
		<u>135.556.646</u>

Erlendir verðbréfasjóðir alls		<u>1.959.233.857</u>
-------------------------------------	--	----------------------

Verðbréfasjóðir samtals		<u><u>6.262.573.374</u></u>
-------------------------------	--	-----------------------------

Verðbréf með föstum tekjum

14. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð	
Skuldabréf Húsnæðisstofnunar.....	390.319.194
Húsbréf	362.203.616
Húsnæðisbréf	292.316.196
Lánasjóður landbúnaðarins.....	710.747.570
	<u>1.755.586.576</u>
Skuldabréf sveitarfélaga	440.861.714
Skuldabréf lánastofnana	937.212.526
Skuldabréf fjárfestingarlánasjóða.....	42.031.054
Skuldabréf eignarleigufyrirtækja	26.465.966
Skuldabréf fyrirtækja	123.028.297
Erlend skuldabréf.....	64.400.000
	<u>3.389.586.133</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u><u>3.389.586.133</u></u>

Veðlán

15. Veðlán greinast þannig:

Skuldabréf sjóðfélaga	711.257.700
Skuldabréf fyrirtækja.....	307.485
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(12.593.384)
	<u>698.971.801</u>

Skýringar

Önnur útlán

16. Önnur útlán greinast þannig:

Lánasjóður landbúnaðarins - með ábyrgð ríkissjóðs	791.424.004
Spölur ehf.	34.054.994
Önnur lán	1.368.990
	<u>826.847.988</u>

Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

17. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	4.347.822.503	2.013.749.688	6.361.572.191
Verðbréf með föstum tekjum	3.389.586.133		3.389.586.133
Veðlán	698.971.801		698.971.801
Önnur útlán	826.847.988		826.847.988
	<u>9.263.228.425</u>	<u>2.013.749.688</u>	<u>11.276.978.113</u>
Hlutfallsleg skipting	82,14%	17,86%	100%

Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

18. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins er áætlað kr. 11.268 milljónir eða kr. 9,4 milljónum lægra en bókfært verð þeirra.

Kröfur

19. Kröfur á launagreiðendur og ríkissjóð vegna óinnheimtra iðgjalda eru 40,3 milljónir króna í árslok. Við mat iðgjaldakrafna er stuðst við gögn sem fyrir liggja um skil á iðgjöldum ársins 2002 fram til 10. febrúar 2003.

Ábyrgðir

20. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins. Staða þessara samninga í árslok var jákvæð um 11,9 milljónir króna og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur sjóðsins á liðinn vaxtatekjur og gengismun í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til eignar á liðinn aðrar kröfur í efnahagsreikningi.

Skýringar

Lífeyrisskuldbindingar

21. Tryggingafærðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2002 miðað við 3,5% ársvexti þá vantar sjóðinn 1.100 milljónir króna upp á að eignir nægi fyrir áföllnum skuldbindingum eða 8,1% og 2.456 milljónir króna upp á að eignir nægi fyrir heildarskuldbindingum eða 12,9%.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	11.388		11.388
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	1.309		1.309
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(142)		(142)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		3.957	3.957
	<u>12.555</u>	<u>3.957</u>	<u>16.512</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	10.866	4.205	15.071
Örorkulífeyrir	1.194	577	1.771
Makalífeyrir	1.198	215	1.413
Barnalífeyrir	41	75	116
Rekstrarkostnaður	356	241	597
	<u>13.655</u>	<u>5.313</u>	<u>18.968</u>
Eignir umfram skuldbindingar	(1.100)	(1.356)	(2.456)
Í hlutfalli af skuldbindingum	-8,1%	-25,5%	-12,9%

Önnur mál

22. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2002	2001
Laun	16.725.489	15.740.279
Launatengd gjöld	2.771.102	2.487.385
	<u>19.496.591</u>	<u>18.227.664</u>
Meðalfjöldi starfa	3,8	3,8

Heildarlaun til stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins námu kr. 9,1 milljón króna á árinu 2002.

Skýringar

Kennitölur

23. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins

	2002	2001	2000	1999	1998
Hrein raunávöxtun á ársgrundvelli.....	(5,12%)	(3,11%)	(1,81%)	9,90%	8,68%
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar sl. 5 ár	1,52%	4,44%	6,81%	8,30%	7,47%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breytil. tekjum.....	53,99%	54,28%	54,29%	53,06%	39,61%
Skráð verðbr. með föstum tekjum.....	30,06%	25,35%	24,48%	18,53%	26,11%
Óskráð verðbr. með breytil. tekjum	2,43%	0,91%	1,02%	1,03%	1,28%
Óskráð verðbr. með föstum tekjum	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Veðlán	6,20%	5,18%	4,31%	3,22%	2,48%
Annað	7,33%	14,29%	15,89%	24,16%	30,52%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	82,14%	78,14%	75,61%	80,30%	87,01%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	17,86%	21,86%	24,39%	19,70%	12,99%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	4.283	4.492	4.812	5.122	5.282
Fjöldi lífeyrisþega.....	3.641	3.624	3.567	3.516	3.512
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	71,14%	70,50%	68,26%	68,71%	65,20%
Örorkulífeyrir	17,67%	18,00%	19,43%	19,22%	22,56%
Makalífeyrir	9,07%	9,22%	9,19%	9,23%	8,87%
Barnalífeyrir	2,12%	2,28%	3,12%	2,84%	3,37%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(12,9%)	(4,9%)	(0,4%)	0,3%	(4,8%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(8,1%)	2,1%	6,7%	6,9%	(0,1%)

Leiðréttingar

Við undirskrift ársreiknings á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs bænda þann 28. mars sl. var lögð fram tryggingafræðileg úttekt miðuð við árslok 2002 og var miðað við hana við gerð ársreikningsins. Í ljós kom að forsendur úttektarinnar voru ekki að öllu leyti réttar og óskaði stjórn sjóðsins eftir endurskoðun hennar. Ný úttekt var lögð fram 14. apríl og niðurstöður hennar sýna **11,9%** halla miðað við heildarskuldbindingar í stað 12,9% eins og fram kemur í ársreikningnum. Ársreikningnum hefur ekki verið breytt en eftirfarandi leiðréttingum er hér með komið á framfæri og skal taka tillit til þeirra.

- Í Skýrslu stjórnar á síðu 3 í greininni "HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS, RAUNÁVÖXTUN OG STAÐA" skal síðasti málsliður hljóða svo: Endurmetnar eignir eru 8,1% lægri en áfallnar skuldbindingar og **11,9%** lægri en heildarskuldbindingar.
- Í Skýringum á síðu 16, skal skýring nr. 21. hljóða svo:

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2002 miðað við 3,5% ársvexti þá vantar sjóðinn 1.103 milljónir króna upp á að eignir nægi fyrir áföllnum skuldbindingum eða 8,1% og 2.223 milljónir króna upp á að eignir nægi fyrir heildarskuldbindingum eða 11,9%

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	11.388		11.388
Núvirði verðbréfa, hækkun	1.309		1.309
Lækkun vegna fjárfestingargjalda	(142)		(142)
Núvirði framtíðariðgjalda		3.957	3.957
	<u>12.555</u>	<u>3.957</u>	<u>16.512</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	10.866	4.090	14.956
Örorkulífeyrir	1.194	493	1.687
Makalífeyrir	1.198	181	1.379
Barnalífeyrir	41	75	116
Rekstrarkostnaður	359	238	597
	<u>13.658</u>	<u>5.077</u>	<u>18.735</u>
Eignir umfram skuldbindingar	(1.103)	(1.120)	(2.223)
Í hlutfalli af skuldbindingum	(8,1%)	(22,1%)	(11,9%)

- Í Skýringum á síðu 17 "Kennitölur" skýringu nr. 23, (Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt) skal í næstsíðustu línu "Hrein eign umfram heildarskuldbindingar" í dálki fyrir 2002 standa **(11,9)** í stað (12,9).

Reykjavík, 15. apríl 2003



Sigurbjörg Björnsdóttir
framkvæmdastjóri